SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Erindisbréf hafnar- og skipulagsnefndar

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr.

Hafnar- og skipulagsnefnd fer í umboði sveitarstjórnar með þá málaflokka sem henni eru falin. Sveitarstjóri starfar með nefndinni og ber hann ásamt byggingar- og skipulagsfulltrúa ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar.

2. gr.

Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verksviði nefndarinnar; Skagastrandarhöfn og embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Nefndin fjallar einnig um samgöngumál almennt og umferðamál.

3. gr.

Í hafnar- og skipulagsnefnd eiga sæti fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar.

4. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi á rétt til setu á fundum nefndarinnar svo og starfsmaður hafnarinnar þegar málefni sem varða rekstur hafnarinnar eru til umfjöllunar

5. gr.

Sveitarstjórn skipar formann og varaformann en ritari er kosinn á fyrsta fundi nefndarinnar.

II. Hlutverk nefndarinnar

6. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að fara með:

- Hafnamál skv. hafnalögum nr. 61/2003 og hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarhöfn.
- Samgöngumál almennt í sveitarfélaginu og umferðarmál skv. lögum 77/2019.
- Skipulagmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010
- Byggingarmál skv. ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010
- Málefni sem varða náttúrverndarlög nr. 60/2013.
- Heilbrigðismál samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
- Eftirlit með því að ákvæði laga á verksviði nefndarinnar séu haldin

7. gr.

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.

III. Gildistaka

8. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Erindisbréf þetta var staðfest af sveitarstjórn 9. september 2026 og tekur gildi við undirritun. Fellur fyrra erindisbréf úr gildi samhliða.

sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar